



Garðabær
Garðatorgi 7
210 Garðabær

SAMGÖNGU- OG
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgötu 7 101 Reykjavík
sími: 545 8200 postur@srn.is srn.is

Reykjavík 16. nóvember 2020
Tilv.: SRN20110042/4.13.2

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu barst hjálögð kvörtun Péturs Haraldssonar, þann 11. nóvember sl. sem varðaði framkvæmd fjarfundar bæjarstjórnar Garðabæjar, þann 5. nóvember sl. Að mati kvartanda var meginreglu 16. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, um opna fundi sveitarstjórnar ekki fylgt við framkvæmd fundarins en honum var ekki streymt í beinni útsendingu.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið fer með eftirlit með stjórnsýslu sveitarfélaga sbr. 1. mgr. 109. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, en skv. ákvæðinu hefur ráðuneytið eftirlit með því að sveitarfélögin gegni skyldum sínum skv. sveitarstjórnarlögum og öðrum löglegum fyrirmælum. Með vísan til 113. gr. sveitarstjórnarlaga óskar ráðuneytið eftir umsögn sveitarfélagsins á efni kvörtunarinnar og þá hvort réttmætar ástæður hafi legið að baki því að fundinum var ekki streymt, sbr. 16. gr. sveitarstjórnarlaga.

Skulu umbeðnar upplýsingar hafa borist ráðuneytinu eigi síðar en 28. nóvember nk. Að þeim fengnum mun ráðuneytið taka afstöðu til þess hvort málið gefi tilefni til frekari skoðunar af hálfu þess á grundvelli 112. gr. sveitarstjórnarlaga.

Fyrir hönd ráðherra
eftir umboði

Björn I. Óskarsson
Björn Ingi Óskarsson